

Mál nr. 53/2026**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn vátryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð. Verslun og þjónusta. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 2. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 23. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 31. mars 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 1. apríl 2026, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi slasast í húskynnum X 2. janúar 2025. Í málskoti er atvikum lýst svo að M hafi runnið í fitu á gólfi á veitingastað X sem var tilkominn vegna þess að diskur hafi dottið í gólfið og brotnað. Þar er jafnframt fullyrt að ekki hafi verið gripið til viðeigandi úrræða af hálfu X, eftir að diskurinn datt. Þannig hafi talsverður tími liðið frá því tímamarki þar til starfsmaður X, sem sjáist á fyrirliggjandi myndbandsupptöku, hafi komið á vettvang til að hreinsa upp. Því hafi hvorki verið búið að strjúka yfir svæðið né þrifa það með fullnægjandi hætti er slysið varð. Þá heldur M því einnig fram að umræddur starfsmaður hafi ekki verið með viðeigandi útbúnað til að þrifa fitulagið af gólfinu. M hafi fyrst tekið eftir umræddum starfsmanni eftir að hann slasaðist enda hafi ekkert gefið það til kynna að einhver væri að þrifa gólfið og það væri því varasamt að ferðast þar um. Þannig hafi svæðið hvorki verið girt af né sett upp viðvörðunarskilti.

M byggir á því að X beri skaðabótaábyrgð á tjóninu á grundvelli vinnuveitandaábyrgðarreglu enda verði slysið rakið til saknæms athafnaleysis starfsmanna X, þ.e. að þeir hafi vanrækt að þrifa gólfið almennilega eftir að diskurinn brotnaði. Telur M framangreinda skyldu vera ríkari en ella í ljósi þeirrar þjónustu sem fari fram í húsnæði X. Vísar M m.a. í Hrd. frá 1. apríl 2004 í máli nr. 385/2003, máli sínu til frekari stuðnings. Einnig er í þessu samhengi vísað til 13. og 1. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti. Telur M að það hafi verið tiltölulega auðvelt fyrir starfsmenn X að koma í veg fyrir slysið, t.d. með því að girða svæðið af eða merkja það og þannig vekja athygli viðskiptavina á hættunni, eða einfaldlega þrifa gólfið með fullnægjandi hætti. Þetta hafi allt brugðist. Telur M að rekja megí slysið til hættulegra aðstæðna á vegum X, nokkuð sem X beri skaðabótaábyrgð á.

Í athugasemdum V er skaðabótaábyrgð X hafnað. Bendir V á að á fyrirliggjandi myndbandsupptöku af atvikinu megí sjá hvernig kærandi, skömmu eftir að diskurinn brotnaði, lítur niður á gólfið og stígur beint á það svæði þar sem diskurinn brotnaði, með þeim afleiðingum að hann rennur. Á myndbandsupptökunni sem og fyrirliggjandi skjáskoti, megí einnig sjá að starfsmaður X var í óða önn að þrifa svæðið. Tekur V fram að þó ekki liggi fyrir nákvæmar upplýsingar um það hversu langur tími leið frá því að diskurinn brotnaði og þar til gripið var til aðgerða á vettvangi, sé hins vegar ljóst, skv. upplýsingum frá X, að ekki hafi liðið langur tími þar á milli. Þá liggi einnig fyrir að áður en slys M átti sér stað, þá var starfsmaður X, eins og áður sagði, í óða önn að þrifa svæðið og hafði þ.a.l. gripið til viðeigandi ráðstafana í kjölfar þess að umræddur diskur brotnaði. Bendir V á að það komi fram á myndbandinu að starfsmaður X hafi verið að þrifa gólfið þegar M gengur til baka í öfuga átt og rennur til í þeirri fitu sem hafði myndast á gólfinu. M hafi því mátt vera það ljóst að þar væri starfsmaður að þrifa svæðið enda sjáist á myndbandsupptökunni hvernig M leit niður og æddi áfram, í stað þess að ganga í hina áttina eins og ætlast var til. Þá bendir V á að sambærilegt atvik hafi aldrei komið upp hjá X. Samkvæmt upplýsingum frá X sé það almenna verklag viðhaft á veitingastaðnum að starfsmenn gangi um salinn allan daginn á afgreiðslutíma og þrifi eftir þörfum. Þannig uppfylli X þá skyldu að haga rekstri þannig að heilsa og öryggi þeirra sem þjónustuna sækja sé sem best tryggt. Þá sé fyllsta hreinlætis og snyrtimennsku gætt í hvívetna.

Telur V að ekkert hafi komið fram í málinu sem bendi til þess að slysið verði rakið til ófullnægjandi öryggisráðstafana eða athafnaleysis starfsmanna X. Sönnunarbyrði fyrir því að slysið verði rakið til ófullnægjandi öryggisráðstafana eða athafnaleysis starfsmanna hvíli á M. V telur að sú sönnun hafi ekki tekist.

Í viðbótarathugasemdum M eru fyrri rök ítrekuð. Þá bendir M á að ríkar skyldur hvíli á eigendum fasteigna þar sem rekin er verslunarstarfsemi og að ítrekað hafi verið lögð skaðabótaábyrgð á þá sem hafa ekki risið undir þeim skyldum. Sömuleiðis bendir M á að V segi í athugasemdum sínum að á myndbandsupptökunni megi sjá að starfsmaðurinn sé í óða önn að þrifa svæðið. M telur þetta rangt, enda sé kælir staðsettur fyrir framan starfsmanninn á upptökunni. Það sjáist ekki í starfsmanninn fyrir en eftir að M hafi slasast. Þá er áréttað að það hafi liðið langur tími frá því að diskurinn brotnaði og þar til starfsmaður kom á vettvang til að þrifa gólfíð. Það sé því ekki rétt, líkt og V haldi fram, að það sé ljóst að ekki hafi liðið langur tími þar á milli. Þá hafi V ekki lagt fram nein gögn sem sýni fram á þetta.

Í viðbótarathugasemdum V er ítrekað það sem fram kemur í bæði höfnunarbréfi sem og í fyrri athugasemdum til nefndarinnar. Þá er því alfarið hafnað að X hafi ekki sinnt þeim skyldum sem lagðar eru á fasteignareigendum líkt og M haldi fram. Auk þess bendir V á að M hafi ekki lagt fram nein gögn sem sýna fram á að langur tími hafi liðið milli þess að umræddur diskur brotnaði og þar til starfsmaður kom á vettvang. Telur V að gögn málsins sýni að skammur tími hafi liðið þar til atvik gerðust. Þá bendir V á að eftirfarandi komi fram í slysaskýrslu frá X: „*Slasaði rennur til á fitu á gólfi eftir að diskur brotnaði, flýgur á hausinn, Fallið gerist þegar [viðskiptavinur] gengur fram hjá starfsmanni að þrifa gólfíð*“. Telur V því ljóst að farið hafi verið eftir öllum verkferlum hjá X og að starfsmenn hans hafi gripið strax til viðeigandi viðbragða í kjölfar slyssins. V bendir einnig á að það virðist liggja fyrir tvær skýrslur frá öryggisverði X þar sem lýsing á atvikinu sé ekki nákvæmlega sú sama.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. M byggir kröfu sína á hinni ólögfestu bótareglu um vinnuveitandaábyrgð. Sú regla gerir það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Þó vissulega séu almennt gerðar ríkar kröfur til eigenda veitingastaða um að þeir tryggi öryggi viðskiptavina sinna breytir það ekki því sem að framan greinir um sönnunarreglur í skaðabótarétti.

Nefndin telur að í raun sé ekki ágreiningur í málinu um hvernig slysið atvikaðist, þ.e. að M féll er hann steig á hálann blett þar sem matardiskur hafði áður fallið í gólfíð og brotnað. M byggir á því að langur tími hafi liðið frá því að diskurinn datt í gólfíð og þar til gripið var til ráðstafana af hálfu X til að þrifa gólfíð og því hafi skapast varasamar aðstæður fyrir viðskiptavinum, sem X verði að bera hallan af. Gegn neitun V þá telur nefndin ekki að M hafi tekist að sýna fram á þetta. Þá telur nefndin einnig ósannað að óeðlilega hafi verið staðið að þrífumum. Nefndin telur því liggja fyrir að X hafi í umrætt sinn uppfyllt þá skyldu sína að sjá til þess að gólfíð yrði þrifið innan eðlilegs tíma og að eins og aðstæður voru hafi ekki verið þörf á að grípa til frekari ráðstafanna til að tryggja öryggi viðskiptavina, t.d. að girða svæðið af eða setja upp viðvörðunarskilti. Þá telur nefndin að sjá megi á fyrirbyggjandi myndbandi að starfsmaður X var að þrifa gólfíð þegar M slasaðist. Þá verði ekki betur séð en að M hafi mátt vera þetta ljóst þegar hann gekk á stað. Nefndin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að M hafi ekki tekist að sýna fram á að bótaskilyrði vinnuveitandaábyrgðarreglunnar séu uppfyllt.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 26. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir